

158. þingflokksfundur, mánudaginn 11. apríl 2016 kl. 13.

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Brif af þingflokksformannafundi

Birgitta greindi frá því sem fram fór á fundi þingflokksformanna og samtali sínu við þingflokksformenn minnihlutans. Engar dagsetningar liggja fyrir um hvenær kosið verður og óljóst er hvaða mál á að klára. Þingflokkurinn ræddi jafnframt um gerð næstu fjárlaga.

3. Dagskrá vikunnar

Birgitta fór stuttulega yfir drög að dagskrá sem kynnt var á þingflokksformannafundi. Enn er ekkert fast í hendi varðandi dagskrá vikunnar.

4. Áframhald á vinnu með vinnustaðasálfræðingi

Ákveðið var að taka stöðuna á morgun.

5. Heimildarmyndir

Alla greindi frá erindum sem varða heimildarmyndir sem eru í bígerð og verður í sambandi við viðkomandi aðila.

6. Samráðsfundur í kvöld

Ákveðið var að senda fulltrúa þingflokksins á fundinn í kvöld sé þess óskað. Þingflokkurinn ræddi um form samráðsfunda.

7. Dagskrárlíðir sem geta beðið

a. Vernd fangahjálp

Beðið verður með fund þar til mál fara að skýrast. Búið er að svara erindinu.

b. Erindi varðandi frumvarp um millidómsstig

Dagskrálið frestað.

c. Heimsókn í Árnastofnun

Alla finnur tíma fyrir heimsókn Helga og Birgittu.

d. Fundur v. LÖKE

Alla athugar hvort viðkomandi komist á fund fyrir hádegi 20. apríl.

e. Upplýsingar fyrir símsvörun

Ásta gerði þingflokknum stuttlega grein fyrir símsvörunarþjónustunni.

f. Sérálit fulltrúa Pírata í húsnæðisnefndinni

Dagskrálið frestað.

g. Líknardauði

Dagskrárlíð frestað.

8. Önnur mál

Birgitta gerði stuttlega grein fyrir breytingartillögu Lilju Mósesdóttur varðandi upplýsingar um kröfuhafa föllnu bankanna. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.30.